

Mannréttindaráð

Ár 2025, fimmtudaginn 8. maí var haldinn 4. fundur mannréttindaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi, Borgarráði og hófst kl. 13.04. Fundinn sátu eftirfarandi fulltrúar: Sabine Leskopf, Guðný Maja Riba, Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns, Magnea Gná Jóhannsdóttir, Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir, Björn Gíslason og Friðjón R. Friðjónsson. Einnig sátu fundinn eftirtaldir fulltrúar samráðshóps um málefni fatlaðs fólks: Björgvin Björgvinsson, Lilja Sveinsdóttir og Inga Guðrún Kristjánsdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. másl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Ingólfur Már Magnússon, Sigurbjörg H. Sigurgeirsdóttir og Rúnar Björn Herrera. Einnig sátu fundinn eftirfarandi embættismenn og starfsfólk: Valgerður Jónsdóttir, Aðalbjörg Traustadóttir og Bragi Bergsson sat fundinn með rafrænum hætti. Elísabet Pétursdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 9. apríl og 6. maí 2025, um að Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns taki sæt í mannréttindaráði í stað Magnúsar Davíðs Norðdahl. Jafnframt að Tinna Helgadóttir taki sæti sem varamaður í stað Oktavíu Hrundar Guðrúnar Jóns. MSS25020083
2. Fram fer kynning Ríkisendurskoðunar á skýrslu dags. febrúar 2025, um þjónustu við fatlað fólk skv. lögum nr. 38/2018. MSS25030094

Guðmundur Björgvin Helgason, Jakob Guðmundur Rúnarsson og Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Mannréttindaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Mannréttindaráðið þakkar fyrir góða kynningu á skýrslu Ríkisendurskoðunar um þjónustu við fatlað fólk. Brýnt er að kostnaðarútgjöld á milli ríkis og sveitarfélaga séu útkljáð til að tryggja varanlega fjármögnun NPA samninga og að þjónustusamningar NPA séu betur skýrðir. Einnig er mikilvægt að kynningarefni sé skýrt og til staðar sem og virkt ytra og innra eftirlit sé eft.

3. Fram fer kynning á veiði fatlaðra barna í Elliðaáám. MSS25040182

Ingi Þór Hafsteinsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Mannréttindaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Þökkum fyrir góða kynningu og tökum undir mikilvægi þess að bjóða upp á fjölbreytt námskeið fyrir alla í Reykjavík. Gaman er að sjá hversu vel er staðið að verkefninu sem er til fyrirmyndar.

4. Fram fer umræða um bílastæði hreyfihamlaðra í bílastæðahúsum Reykjavíkurborgar og verklag bílastæðavaraða. MSS24020046

Mannréttindaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Mannréttindaráðið telur afar brýnt að finna varanlega lausn á verklagi fyrir notendur P-stæða í bílakjallara Ráðhússins. Ólíðandi er að fólk með P-merki geti ekki nýtt

sér bílastæðahús borgarinnar með ásættanlegum hætti án þess að meira sé lagt á notendur þeirra umfram aðra notendur. Mannréttindaráð óskar eftir að lögð verði fram áætlun um breytingar við fyrsta tækifæri.

Fulltrúi Framsóknarflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Brýnt er að fundin sé varanleg lausn við þessum vanda í samstarfi við notendur P-stæða til þess að stæðin nýtast þeim sem þurfa á P-stæðum á að halda. Það er mannanna verk að skapa kerfi sem er mannvænt og aðgengilegt og hér er ljóst að endurhugsa þarf hvernig við miðlum upplýsingum um laus P-stæði í bílastæðahúsum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins taka undir með fulltrúum meirihlutflokkanna og Framsóknarflokksins að brýnt sé að finna lausn fyrir notendur P-stæða í bílastæðahúsum borgarinnar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins benda á að öll tækni er til staðar til að leysa vandann, vilji og fjármagn er allt sem þarf.

Samþykkt að senda bókunir til umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgahönnunar.

5. Lagt fram bréf Innviðaráðuneytis dags. 9. apríl 2025, um framlög til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks 2025-2026. MSS25040174
6. Lögð fram tillaga samráðshóps um málefni fatlaðs fólks dags. 6. maí 2025, um verðlaunahafa aðgengisviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2024. Trúnaður ríkir um þennan lið og færð í trúnaðarbók þar til eftir afhendingu verðlauna þann 16. maí nk. Samþykkt. MSS25030095
- Kl. 14.30 víkja af fundi Björgvin Björgvinsson, Inga Guðrún Kristjánsdóttir, Lilja Sveinsdóttir og Aðalbjörg Traustadóttir. Ingólfur Már Magnússon, Rúnar Björn Herrera, Sigurbjörg H. Sigurgeirsdóttir og Bragi Bergsson aftengjast fjarfundarbúnaði.
7. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 30. apríl 2025, um niðurstöður rafrænnar könnunar um menningar- og kynþáttafordóma og birtingarmyndum þeirra innan stofnana Reykjavíkur og stöðu verkefnis. MSS25010076

Sema Erla Serdaroglu tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 2. maí 2025, um tíma- og verkáætlun kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar 2025 og stöðu verkefnis. MSS23010175

Sigríður Finnbogadóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

9. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs dags. 14. apríl 2025, þar sem óskað er umsagnar mannréttindaráðs um drög að reglum Reykjavíkurborgar um styrki. Samþykkt að fela formanni í samráði við fulltrúa ráðsins að gera umsögn fyrir 20. maí nk. PON24080006

10. Lögð fram tillaga valnefndar dags. 5. maí 2025, um mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar 2025. Trúnaður ríkir um þennan lið og færð í trúnaðarbók þar til eftir afhendingu verðlauna þann 16. maí nk.
Samþykkt. MSS25030092

Fundi slitið kl.16.04

Sabine Leskopf

Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir
Oktavía Hrunð Guðrúnar Jóns
Magnea Gná Jóhannsdóttir

Guðný Maja Riba
Björn Gíslason
Friðjón R. Friðjónsson